

Ed.

603. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna orðist svo:

Fyrir brjóstsykur, konfekt og súkkulaði hálf t aðflutningsgjald.

Á eftir orðinu „kaffibæti“ í c-lið sömu greinar komi: $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.

d-liður sömu greinar orðist svo:

Fyrir ávaxtasafa, öl, annað en maltöl, limonaði og aðra samskonar drykki, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, svo og sóðavatn, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds. Af maltöli greiðist þó aðeins $\frac{1}{6}$ aðflutningsgjalds.

2. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Efnivörur til framleiðslu á innlendum tollvörutegundum skulu undanþegnar verðtolli.

3. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á tilbúnum en óafhentum vörum, um afhendingu og sölu varanna og um bókhald vörugerðar, svo og um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni. Í reglugerðinni má ákveða sektir um brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og missi leyfisbréfs til tollvörugerðar.

Heimta má gjaldheimtumaður drengskaparvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

4. gr.

Lög nr. 42 8. sept. 1931 eru úr gildi felld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.